

Samkomulag um launaröðun

milli Háskólans á Hólum og Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR)

1. gr.

Launaröðun prófessora verður sem hér segir, sbr. launatöflu í samkomulagi um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra, dags. 25. nóvember 2014:

Röðun prófessora	Lfl.
Prófessor I	13-3
Prófessor II	14-4
Prófessor III	16-4
Prófessor IV	18-4
Prófessor V	19-7
Prófessor VI	21-4
Prófessor VII	21-6

Tímakaup fyrir þjónustuyfirvinnu er 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi prófessors. Tímakaup fyrir aðra yfirvinnu er fastur taxti, 0,615% af launaflokki 19-8.

2. gr.

Í kjölfar skilgreiningar á sérstöðu prófessora, sbr. bókun 2 með samkomulagi um breytingar á kjarasamningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra dags. 25. nóvember 2014 raðast þeir einu þrepi ofar en kemur fram í 1. gr. frá 1. apríl 2014.



3. gr.

Háskólinn á Hólum og Félag prófessora við ríkisháskóla stefna að gerð stofnanasamnings fyrir 1. mars 2015. Höfð verði hliðsjón af stofnanasamningi Háskóla Íslands við Félag prófessora við ríkisháskóla frá 16. desember 2013 og viðauka við þann stofnanasamning frá 25. nóvember 2014.

4. gr.

Samkomulag þetta gildir frá undirritun.

Hólum í Hjaltadal, 25. nóvember 2014

Fyrir hönd Háskólans á Hólum	Fyrir hönd Félags prófessora við ríkisháskóla  
------------------------------	---